



---

SAMÞYKKTIR SAGA CAPITAL

---

**I. kafli****NAFN FÉLAGSINS, LÖGHEIMILI OG TILGANGUR****1. gr.**

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. Erlent aukaheiti félagsins er Saga Capital Investment Bank hf.

**2. gr.**

Heimilisfang félagsins er að Hafnarstræti 53 á Akureyri.

**3. gr.**

Félagið er fjármálafyrirtæki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er að veita fjármálaþjónustu og skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem því er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins hverju sinni. Félaginu er heimilt að ná tilgangi sínum með stofnun og rekstri dótturfélaga.

**II. kafli****HLUTAFÉ FÉLAGSINS****4. gr.**

Hlutafé félagsins er kr. 2.959.635.727 – *tveir milljarðar níuhundruð fimmtíu og níu milljónir sex hundruð þrjátíu og fimm þúsund sjö hundruð tuttugu og sjö* 00/100. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,- ein króna- eða margfeldi þeirrar fjárhæðar eins og hlutafjäreign hluthafa segir til um á hverjum tíma.

Stjórn félagsins hefur heimild til þess að hækka hlutafé í allt að kr. 3.700.000.000.- með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákvarða útbodsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Hluthafar eiga ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum heldur skulu hluthafar Saga Eignarhaldsfélags hf. og Hildu hf. hafa forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli við hlutafjäreign sína í Saga Eignarhaldsfélagi hf. og Hildu hf. Stjórn getur sett nánari reglur um sölu hlutanna. Heimild þessi gildir til aðalfundar 2011.

**5. gr.**

Ákvörðun um hækkun eða lækkun hlutafjár í félaginu verður ekki tekin nema með samþykki áheyrnarfulltrúa samkvæmt 17. gr.

Veiti áheyrnarfulltrúi samþykki sitt fyrir hlutafjárhækkun verður hlutafé hækkað með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár, að undangengnu samþykki áheyrnarfulltrúa.

**6. gr.**

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu.

**7. gr.**

Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Eigendaskipti að hlutum, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt um og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, send til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti.

**8. gr.**

Félaginu er óheimilt að kaupa eða taka að veði eigin hluti, nema með fyrirfram samþykki áheyrnarfulltrúa samkvæmt 17. gr. Kaup á eigin bréfum skal ávallt vera í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

**9. gr.**

Óheimilt er að greiða arð út úr félaginu, nema með samþykki hluthafafundar, auk samþykkis áheyrnarfulltrúa samkvæmt 17. gr. Hagnaður sem myndast í félaginu sem ekki er greiddur úr sem arður skal færður til hækkunar á eigin fé félagsins.

**10. gr.**

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

**III. kafli****HLUTHAFAFUNDIR**

**11. gr.**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutfjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutfélagaskrár.

Sé hluthafi einn tekur hann afstöðu til mála, sem almennt er fjallað um á aukafundum, og skráir ákvarðanir í gerðabók.

**12. gr.**

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með auglýsingu í dagblaði eða með bréfi til hluthafa eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara og aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir 10% hlutfjár í félaginu hið minnsta.

**13. gr.**

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutfé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
- c. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf fundar.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði og slík tillaga hafi verið samþykkt af áheyrnarfulltrúa samkvæmt 17. gr.

**14. gr.**

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaður ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
6. Stjórn félagsins skal kjörin.
7. Endurskoðunarfélag skal kjörið.
8. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

**15. gr.**

Formaður stjórnar félagsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins, hvort löglega hafi verið til hans boðað, þannig að fundur sé lögmætur og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.

Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

**IV. kafli****STJÓRN FÉLAGSINS****16. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, og fimm til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer samkvæmt lögum um nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þeir sem gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 virkum dögum fyrir upphaf hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta eftirfarandi upplýsinga:

1. nafn frambjóðanda,
2. kennitala
3. heimilisfang
4. menntun
5. aðalstarf
6. önnur stjórnar- og trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum
7. starfsferilságríp
8. beinir og óbeinir eignarhlutir í félaginu
9. kaup- eða söluréttarsamningar við félagið
10. hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

#### 17. gr.

Á stjórnarfundum og hluthafafundum félagsins skal sitja áheyrnarfulltrúi skipaður af Seðlabanka Íslands. Áheyrnarfulltrúinn hefur málfrelsi á fundum félagsins, en hvorki tillögu- eða atkvæðisrétt. Skal áheyrnarfulltrúinn fá endurrit allra fundargerða og staðfesta efni þeirra. Félagið skal greiða allan kostnað vegna áheyrnarfulltrúans.

#### 18. gr.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnin kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Fundir stjórnar eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur á fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfund og skulu stjórnarmenn staðfesta hana með undirskrift sinni.

Unnt er að halda stjórnarfundum með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna stjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur stjórnarmaður eða forstjóri krafist

þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti.

Að öðru leyti fer um völd, ábyrgð og störf stjórnar samkvæmt lögum og starfsreglum er stjórn skal setja sér.

#### 19. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans, að undangengnu samþykki áheyrnarfulltrúa. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs og að tryggja að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög sem gilda um starfsemi þess.

Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### V. kafli

##### REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

#### 20. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn ásamt varamönnum. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

#### 21. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

#### VI. kafli

##### BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUNUM

#### 22. gr.

Samþykki áheyrnarfulltrúi, samkvæmt 17. gr., tillögu að breytingum á samþykktum þessum, má breyta þeim á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

#### VII. kafli

##### SLIT Á FÉLAGINU

#### 23. gr.

Með tillögum um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Slík tillaga verður ekki

lögð fyrir hluthafafund nema með samþykki áheyrnarfulltrúa, samkvæmt 17. gr. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

#### VIII. kafli

#### ÖNNUR ÁKVÆÐI

##### 24. gr.

Þar sem ákvæði samþykktra þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

**Akureyri, 28. maí 2010**

**F.h. stjórnar Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.**

**Helga Hlín Hákonardóttir hdl.**